



# Seltjarnarnesbær

Ársskýrsla 2011

## Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	3
Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í nefndum og stjórnnum	4
Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	5
Bygginga- og umhverfissvið	6
Félagsþjónustusvið	10
Fjárhags- og stjórnsýslusvið	13
Íþróttá- og tómstundasvið	15
Fræðslusvið	20
Menningarmál	27
Lækningaminjasafn Íslands	30

Ársreikningur bæjarsjóðs 2011

## Inngangur ársskýrslu Seltjarnarness 2011

Sviðsstjórar Seltjarnarnesbæjar hafa tekið saman í þessari ársskýrslu helstu verkefni á árinu 2011.

Fjárhagsáætlun ársins 2012 unnin sameiginlega með minnihlutanum, líkt og gert var fyrir árið 2010. Í þeirri vinnu var haft að leiðarljósi að verja grunnþjónustu bæjarfélagsins, s.s. fræðslustarfsemi og félagslega þjónustu. Almennt var gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki sem nemur verðlagshækkunum.

Á liðnu ári hafa sviðin haldið áfram að skoða einstaka útgjaldaþætti og spyrja áleitinna spurninga um eðli, tilgang og réttlætingu. Bæjarfélagið hefur reynt að halda úti sömu þjónustu fyrir minna fé.

Enn er mikil óvissa um þróun helstu hagstærða á næstunni og erfitt að leggja fram traustar forsendur. Ljóst er að árið 2011 var afar erfitt í íslenskum þjóðarbúskap, atvinnuleysi og skuldastaða heimilanna er verulegt áhyggjuefni.

Vinumarkaður, allar spár s.s. Seðlabanka og fjármálaráðuneytis, gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði svipað á næsta ári. Viðbúið er að atvinnuleysi í heild verði á bilinu 9% til 11% á landinu. Svo mikið atvinnuleysi mun vafalítið hafa mikil áhrif á tekjumyndun og launaþróun og því umtalsverð óvissa um þróun atvinnulífsins á næsta ári.

Samdrætti í tekjum bæjarins hefur verið mætt með hagræðingu í rekstri til að mæta lægri tekjum sem og kostnaðarhækkunum. Frekari hagræðingarkrafa hefur verið gerð á yfirstjórn sveitarfélagsins, sem og stjórnunardeildir stofnana.

Starfsfólk Seltjarnarnesbæjar hefur tekið að sér aukin verkefni auk þess sem áhersla er lögð á enn frekara samstarf milli stofnana og deilda í því skyni að ná sem mestri hagræðingu. Hagrætt var í viðhaldsverkefnum og forgangsraðað út frá öryggissjónarmiðum og brýnni þörf á árinu 2011.

Bæjarstjóri vill þakka samstarfsmönnum í bæjarstjórn samstarfið, að ógleymdu starfsfólki Seltjarnarnesbæjar, góða vinnu og frábæran árangur í rekstri hans á erfiðum tímum, en starfsfólkið hefur sýnt mikinn skilningi og æðruleysi.

# Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2011

## Bæjarstjórn Seltjarnarness

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri  
Sigrún Edda Jónsdóttir forseti bæjarstjórnar  
Guðmundur Magnússon  
Lárus B. Lárusson  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Árni Einarsson  
Margrét Lind Ólafsdóttir

## Endurskoðandi

Auðunn Guðjónsson KPMG hf.

## Félagsmálaráð

Ragnar Jónsson formaður  
Guðrún B. Vilhjálmsson  
Guðrún Edda Haraldsdóttir  
Magnús Margeirsson  
Laufey Elísabet Gissurardóttir

## Fjárhags- og launanefnd

Guðmundur Magnússon formaður  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Margrét Lind Ólafsdóttir

## Íþróttá- og tómstundaráð

Lárus B. Lárusson formaður  
Guðrún Kaldal  
Páll Þorsteinsson  
Magnús Örn Guðmarsson  
Felix Ragnarsson

## Jafnréttisnefnd

Guðrún B. Vilhjálmisdóttir formaður  
Ragnar Jónsson  
Helga Ólafs Ólafsdóttir

## Menningarnefnd

Katrín Pálsdóttir formaður  
Bjarni Dagur Jónsson  
Þórdís Sigurðardóttir  
Haraldur Eyvinds Þrastarson  
Ragnhildur Ingólfisdóttir

## Skipulags- og mannvirkjanefnd

Bjarni Torfi Álfþórsson formaður  
Anna Margrét Hauksdóttir  
Halldór Þór Halldórsson  
Hannes Richardsson  
Ragnhildur Ingólfisdóttir

## Skólanefnd

Sigrún Edda Jónsdóttir formaður  
Björg Fenger  
Davíð Birgisson Scheving  
Halldór Árnason  
Sigurbóra Steinunn Bergsdóttir

## Umhverfisnefnd

Margrét Pálsdóttir formaður  
Andri Sigfússon  
Elín Helga Guðmundsdóttir  
Helgi Þórðarson  
Brynjúlfur Halldórsson

## Yfirkjörstjórn

Pétur Kjartansson  
Þórður Búason  
Gróa Kristjánsdóttir

## Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum

### Almannavarnanefnd

Ásgerður Halldórsdóttir  
Guðmundur Magnússon

### Bláfjallanefnd

Egill Jóhannsson

### Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins

Málfríður Finnbogadóttir

### Fulltrúarráð Brunabótafélags Íslands

Ingimar Sigurðsson

### Fulltrúarráð Eirar

Jónína Þóra Einarisdóttir  
Petrea I. Jónsdóttir Sigurbóra Bergsdóttir

### Fulltrúaráð málræktarsjóðs

Sólveig Pálsdóttir

### Fulltrúaráð SSH

Lárus B. Lárusson  
Árni Einarsson

### Fulltrúaráð Sorpu

Bjarni Torfi Álfþórsson

### Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar

Ásgerður Halldórsdóttir  
Jón Jónsson

### Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Haraldur Eyvinds Þrastarson  
Kristín Ólafsdóttir

### Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ásgerður Halldórsdóttir  
Guðmundur Magnússon  
Margrét Lind Ólafsdóttir

### Reykjanesfólkvangur

Egill Jóhannsson

### Starfskjaranefnd Starfsm.f. Seltj.

Guðmundur Magnússon  
Margrét Lind Ólafsdóttir

### Stjórn Lækningaminjasafns Íslands

Gunnar Lúðvíksson formaður  
Anna Lía Rúnarsdóttir  
Elínborg Guðmundsdóttir  
Óttar Guðmundsson  
Sunneva Hafsteinsdóttir

### Stjórn Sorpu

Bjarni Torfi Álfþórsson

### Stjórn Strætó

Sigrún Edda Jónsdóttir

### Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ásgerður Halldórsdóttir

### Stjórn starfsmenntunarsjóðs St.fél.

#### Seltjarnarness

Guðmundur Magnússon  
Margrét Lind Ólafsdóttir

### Svæðisskipulag SSH

Anna Margrét Hauksdóttir  
Ólafur Einarsson

### Veitustofnanir - stjórn

Ásgerður Halldórsdóttir  
Friðrik Friðriksson  
Guðmundur Jón Helgason  
Magnús Rúnar Dalberg  
Sjöfn Þórðardóttir

## **Bygginga- og umhverfissvið**

Aðsetur: Austurströnd 2 og í Áhaldahúsi Austurströnd 1

Sími: 5959 100

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Vefpóstur: [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is)

Forstöðumaður veitna/bæjarverkfræðingur: Stefán Eiríkur Stefánsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi/verkefnastjóri byggingamála: Þórður Ólafur Búason

Bæjarverkstjóri: Jón Ingvar Jónasson

Garðyrkjustjóri: Steinunn Árnadóttir

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:45 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:45-14:00

Fjöldi starfsfólks: 10

Fjöldi stöðugilda: 10

Bygginga- og umhverfissvið fer með umhverfis- og byggingarmál. Það hefur umsjón með öllum framkvæmdum á vegum bæjarins, byggingareftirliti, brunavörnum, viðhaldi á fasteignum bæjarins, gatna-, vatns- og fráveitukerfum, garðyrkju, vinnuskóla og umhverfismálum. Bygginga- og umhverfissvið fer einnig með málefni áhaldahúss, smábátahafnar og landsupplýsingakerfis.

Í afgreiðslu bæjarskrifstofu, Austurströnd 1 eru afgreiddar allar rafmagns-, bygginga- og verkfræðiteikningar húsa í bænum. Þar liggja umsóknareyðublöð vegna byggingaframkvæmda og uppáskrifta iðneistara og móttekin gögn til byggingarfulltrúa og bygginga- og skipulagsnefndar.

## **Skipulags- og byggingarfulltrúi**

Lokahönd var lögð á deiliskipulag Lambastaðahverfis og öðlaðist deiliskipulagið gildi í lok ársins 2011. Kynning breytinga á deiliskipulagi Suðurstrandarsvæðis fyrir skóla og íþróttamiðstöð var samþykkt af bæjarstjórn. Átaks er þörf á að öðlast yfirsýn yfir lóðir og landamerki innan sveitafélagsins. Á það bæði við um lóðir í eigu bæjarins og einstaklinga. Sú stefna hefur nú verið tekin upp við afgreiðslu á umsóknum um byggingarleyfi að útgáfa skriflegs byggingarleyfis verður ekki án þess að fyrir liggja skýr lóðamörk.

Leiðréttta þarf lóðamörk landupplýsingakerfis bæjarins og samræma við þinglýstar heimildir. Leiðréttta þarf skráningu á stærðum einstakra fasteigna á Seltjarnarnesi. Ljóst er að um kostnaðarsama vinnu verður að ræða sem að einhverju leiti mun geta skilað sér í leiðréttum fasteignagjöldum. Framvegis verður stefnt að innheimtu gjalds vegna úttekta við útgáfu byggingarleyfis, til að mæta kostnaði. Áfram hefur verið unnið að því að yfirfara og leiðréttta rafræna skráningu á uppdráttum í geymslu bæjarins, auk þess sem nýir uppdrættir eru nú samstundis skráðir inn.

Reikna má með ýmsum breytingum á verklagi skipulags- og byggingarfulltrúa með gildistöku nýrra skipulags- og mannvirkjalaga og auk byggingarreglugerðar, sem m.a. fela í sér ríkara eftirlit samhliða útgáfu byggingarleyfa, auk ítarlegri vinnubragða við undirbúning nýrra skipulagsáætlana. Ný skipulagsreglugerð er í undirbúningi og þegar farið að huga að vinnu í samræmi við ný lög og væntanlega reglugerð.

## Áhaldahús

Starfsmenn áhaldahússins unnu að margvíslegum viðhalds- og þjónustuverkefnum á árinu, auk þess að sinna verkefnum sem veitustjóri, garðyrkjustjóri eða aðrir forstöðumenn stofnana óskuðu eftir. Nokkuð var um nýframkvæmdir og viðhaldsvinnu við dreifikerfi veitustofnana, gatna-, gangstétta og göngustíga. Viðhald fasteigna, bæði húseigna og lóða þ.m.t. leiksvæða í eigu bæjarins voru stór þáttur í starfseminni. Snjómokstur og hálkueyðing hófst strax í október og varð mikil til áramóta, ef miðað er við seinustu ár.

Sumarstarfsemi áhaldahússins var með hefðbundnu sniði. Samtals komu 104 sumarstarfsmenn á aldrinum 18 til 24 ára við sögu sem dreifðust á tvö tímabil. Fyrri tímabilið var frá 23. maí til 14. júlí og seinna tímabilið 20. júní til 11. ágúst. Unnið var í sjö tíma á dag fjóra daga vikunnar, en ekki var unnið á föstudögum. Verkefni voru fjölbreytt, t.d. þökulagnir hjá Lækningaminjasafni og meðfram göngustígum, úthagi settur með kantstein á Valhúsabraut, almennur sláttur opinna svæða og kerfill og njóli sleginn. Málningarvinna var bæði úti og inni. Dæmi um útvinnu var umferðarmerki, götur, staurar og Varðan í Suðurnesi en leikskólinn, tónlistarskólinn og fimleikagryfjan var dæmi um innivinnu. Leiksvæði voru hreinsuð og máluð og öll niðurföll hreinsuð. Auk þess var unnið við ýmis viðhaldsverkefni.

## Bæjarverkfræðingur

Bæjarverkfræðingur hefur umsjón með öllum framkvæmdum á vegum bæjarins sem snúa að gerð og viðhaldi á götum, gangstéttum, ljósastaurum, vatns- og fráveitukerfum. Einnig fer hann með málefni er snúa að hljóðvörnum, sorphreinsun, smábátahöfn og sjóvarnargörðum innan sveitarfélagsins. Á árinu 2011 var ennfremur umtalsverð samvinna, með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), að ýmsum málefnum. Það má m.a. nefna áhættumat vegna bláfjalla, samvinna sem snýr að almannavörnum, verkefni í almenningssamgöngum og vistvænum samgöngum, málefni er varða sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu, vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið og málefni er snúa að heilbrigðiseftirliti, ferðavenjukönnun og umferðartalningum

## Viðhald gatnakerfis og gangstétta

Á árinu 2011 var endurnýjað malbik á Barðaströnd og Unnarbraut. Hluti af Valhúsabraut, Bakkavör og Austurströnd voru malbikaðar og lögð var afrétting á Lindarbrautina. Verktaki var ráðinn til að sópa allan bæinn sem og verktaki sem sá um að mála allar miðlínur á götur og endurnýja massa á götum. Þess utan var unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum og merkingu bílastæða. Áfram var unnið að gerð umferðaröryggisáætlunar sem er höfð til viðmiðunar við forgangsröðun framkvæmda. Gangstéttar og ljósastaurar voru m.a. endurnýjaðar í Barðaströnd, hluta af Unnarbraut og hluta Lindarbrautar. Hafnar voru framkvæmdir við gerð nýrrar götu að Lækningaminjasafninu við Sefgarða.

### **Framkvæmdir við smábátahöfn og sjóvarnargarða**

Á árinu var unnið að reglubundnu viðhaldi á smábátahöfn. Gerð var renna í sjóvarnargarð norðan við golfvöll niður í fjöruna og jafnframt var sjóvörn endurgerð við vörðu sem byggð var upp úti í Suðurnesi. Undirbúningur var lagður að gerð sjóvarnargarðs við Norðurströnd fyrir neðan Bollagarða.

### **Almennt um framkvæmdir vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu**

Undanfarið ár var mikið unnið að viðhaldi og viðgerðum í dreifikerfi vatns-, hita- og fráveitu. Reglubundið viðhald var á öllum dælustöðvum fráveitukerfisins. Heimæðar hita-, vatns- og fráveitu voru víða endurnýjaðar í bænum. Starfsmenn áhaldahúss sinntu reglubundnu viðhaldi á dreifikerfi veitnanna. Á árinu 2011 var umtalsverð áhersla lögð á eflingu öryggismála sem og líðan starfsmanna á vinnustaðnum. Ungmönnum sem boðið var starf hjá bænum sáu m.a. um hreinsun á niðurföllum í götum.

### **Veitustofnun Seltjarnarness (hitaveita, fráveita og vatnsveita).**

Skrifstofa hitaveitunnar er staðsett í áhaldahúsi bæjarins. Gjaldskrá hitaveitunnar var hækkuð um 6 kr/m<sup>3</sup> á árinu.

### **Helstu verkefni hitaveitunnar árið 2011**

Unnið var að lagningu stofnæðar hitaveitunnar frá dælustöð hitaveitunnar á Lindarbraut að Suðurströnd sem og stofnlögn frá Suðurströnd inn í Nesveg. Sandgildirur voru settar á tvo staði á stofnlagnir hitaveitunnar. Kranar voru settir niður á nokkrum stöðum á stofnæðar hitaveitunnar. Undirbúin var lagning hitaveitu að Lækningaminjasafni og skipt var um hitaveitumæla í rúmlega 200 húsum.

Á árinu var byrjað að veita frárennslisvatni frá húsum niður í jarðhitageyminn í gegnum borholu 3 í Nesbala. Að jafnaði renna um 120 tonn af frárennslisvatni niður á sólarhring. Samhliða þessu var sett litarefni í borholuna og eru daglega tekin sýni, til að fylgjast með styrkleika litarefnis sem kemur upp í gegnum þær fjórar borholur sem eru nýttar. Sýni eru ennfremur tekin til efnagreininga úr öllum vinnsluholum til hlutgreininga. Starfsmaður hitaveitunnar mældi rafleiðni í vinnsluvatni vikulega í þeim holum sem voru í dælingu hverju sinni. Sjálfvirkar mælingar á vinnsluþáttum voru teknar á klukkutíma fresti í borholum. Rennsli var mælt í öllum holunum, en vatnsborð var eingöngu handmælt. Vinnslan var með svipuðu sniði árið 2010 og undanfarin ár að því leyti að mun minni vinnsla var yfir sumarmánuðina en yfir vetrarmánuðina.

### **Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis**

Þverholti 2, 5. hæð, 270 Mosfellsbær

Sími: 525 6795 Bréfsími: 525 6799

Veffang: [www.eftirlit.is](http://www.eftirlit.is)

Framkvæmdastjóri: Þorsteinn Narfason.

### **Um heilbrigðiseftirlitið**

Árið 2011 er tuttugasta og fjórða starfsár Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (HEK). Það er rekið sameiginlega af Kjósarhreppi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að sjá um að ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé framfylgt.



Einnig ákvæðum reglugerða, heilbrigðissamþykktu og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðisnefndum er, eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

### **Neysluvatn**

Gæði vatns á Seltjarnarnesi er almennt góð en vatnið kemur úr dreifikerfi eða vatnsbólí Reykjavíkur. Undanfarin ár hafa gæði frá aðkeyptu neysluvatni frá Orkuveitu Reykjavíkur haldist stöðug og öll sýni verið innan viðmiðunarmarka. Heilbrigðiseftirlitið fylgdist reglulega með neysluvatni á árinu, samkvæmt reglugerð um neysluvatn, en eftirlitið felur í sér sýnatökur, úttekt á innra eftirliti og mannvirkjum. Fyrir utan viðgerðir á lekum í dreifikerfinu voru á árinu m.a. tveir brunahanar endurnýjaðir sem og lögð kaldavatnslögn í götuna að Lækningaminjasafninu. Jafnframt hófst á árinu vinna með SSH og tæknimönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.

### **Fráveita**

Á Seltjarnarnesi er um helmingi alls skólps dælt í hreinsistöðina við Ánanaust hinn helmingurinn fer óhreinsaður í sjóinn við Lambastaði. Reglubundin vöktun á strandlengjunni á Seltjarnarnesi hefur farið fram í mörg ár. Fjórir sýnatökustaðir eru vaktaðir á ári hverju og sýni tekin til að kanna saurkólímengun. Á árinu var þrýstilögn framlengd á Suðurströnd sem er liður í að dæla öllu skólpi frá Lindarbraut í hreinsistöðina við Ánanaust. Undirbúningur var hafinn að lengja útrásir við Lindarbraut/Suðurströnd sem og Norðurströnd/Suðurströnd. Ennfremur var hafinn undirbúningur að endurnýjun á dælubrunni við Lindarbraut og dælubrunni við Tjarnarmýri.

### **Staðardagskrá 21**

Í stýrihópi fyrir Staðardagskrá 21 situr einn fulltrúi frá hverri stofnun Seltjarnarnesbæjar. Allar stofnanir bæjarins flokka sorp og nokkrar hafa einnig flokkað lífrænan úrgang úr eldhúsum, sem síðan er settur í jarðgerð bæjarins. Jarðgerð var haldið áfram á árinu, en allt lífrænt sem til fellur frá opnum svæðum bæjarins er jarðgert og endurnýtt. Það efni sem úr jarðgerð kemur er nefnt molta. Moltu var dreift á flest beð bæjarins og stofnanalóðir. Góður árangur af þeirri framkvæmd var mjög sýnilegur.

### **Sorphirða**

Á árinu hófst vinna með SSH og tæknimönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að málefnum er varða sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu, má þar m.a nefna undirbúning að sameiginlegum jarðvegstípp fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Grunnur var lagður að stefnumörkun er varðar almenna flokkun íbúa í sorphirðumálum sem og undirbúningur að útboði á sorphirðu á Seltjarnarnesi sem áætlað er að fari fram á árinu 2012.

### **Vinnuskólinn**

Umsóknir í vinnuskólann voru um 250, úr aldurshópnum 14 - 17 ára. Elsti árgangur vinnuskólans hefur lokið fyrsta ári í framhaldsskóla. Flokkstjórar voru 12 alls, þar af er einn yfirflokkstjóri. Tveir eldri árgangarnir voru í vinnu 7 tíma á dag en tveir yngri voru í 3,5 tíma á dag. Vinnuskólinn var starfræktur í júní og júlí.

Meginuppistaða í verkefnum vinnuskólans voru sláttur, almenn garðyrkjustörf, gróðursetning, hreinsun beða, götuhreinsun, málningarvinna og almenn fegrin á umhverfinu. Gott félagslíf er í vinnuskólanum.

## Félagsþjónustusvið

Aðsetur: Mýrarhúsaskóli eldri við Nesveg

Sími: 5959 100

Bréfsími: 5959 138

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:45 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:45-14:00

Félagsmálastjóri: Snorri Aðalsteinsson

Fjöldi starfsmanna: 26

Fjöldi stöðugilda: 17,5

Félagsþjónustan er til húsa í Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg. Þar starfa, auk félagsmálastjóra, 2 félagsráðgjafar í 1,9 starfsgildum og deildarstjóri í öldrunarþjónustu. Veitt er félagsleg ráðgjöf, tekið við umsóknum um félagslega þjónustu, unnið úr þeim og lagt mat á þjónustubörf. Félagráðgjafar á skrifstofu félagsþjónustu starfa einnig að barnavernd en barnaverndin er eitt af verkefnum félagsþjónustunnar.

## Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Árið einkenndist af miklu annríki, en fleiri leituðu eftir aðstoð og ráðgjöf af ýmsum toga í kjölfar minnkandi vinnu og tekjusamdráttar sem verið hefur á árinu. Fleiri fengu fjárhagsaðstoð en árið áður og var aukin vinna félagsráðgjafa við mat á umsóknum, ráðgjöf og að beina fólki eftir atvikum í endurhæfingarúrræði. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar hækkuðu á árinu. Algengast er að fólk fái tímabundið fjárhagsaðstoð og var meðaltímalengd aðstoðar fjórir mánuðir. Aðeins fjórir fengu aðstoð allt árið.

## Húsaleigubætur

Það dró úr umsóknum um húsaleigubætur þegar leið á árið. Leiguíbúðum á almennum leigumarkaði hefur fækkað og tekjumörk húsaleigubóta hafa verið þau sömu í allmörg ár. Húsaleigubætur eru tekju- og eignatengdar. Fjölskyldustærð hefur einnig áhrif á upphæð bótanna.

## Atvinnuleysi

Atvinnuleysi var svipað og árið áður en að meðaltali voru um 107 atvinnulausir skv. skrá Vinnumálastofnunar. Talsvert fleiri karlar en konur voru án atvinnu. Fjöldi atvinnulausra hefur verið hlutfallslega lægri á Seltjarnarnesi miðað við önnur bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnulausir geta sótt um þjónustukort sem hægt er að nota í sund, líkamsrækt og á bókasafnið þeim að kostnaðarlausu. Hafa margir atvinnulausir nýtt sér þjónustukortin.

## **Barnavernd**

Barnaverndarmálum fjölgaði nokkuð frá árinu áður og til meðferðar voru mál sem voru þyngri úrlausnar. Unnið var samkvæmt stefnu og framkvæmdaáætlun barnaverndar.

## **Forvarnir**

Samráðshópur um áfengis- og vímuvarnir fundaði nokkrum sinnum á árinu. Það er mat hópsins að dregið hafi úr áfengis- og vímuefnanotkun unglunga undanfarin ár og er öflugu forvarnarstarfi hjá öllum þeim sem koma að uppeldi barna og unglunga þakkaður sá árangur.

## **Þjónusta við aldraða og félags- og tómstundastarf**

Við þjónustu í þágu aldraða starfa 7 manns á Skólabraut 3 – 5. Þar er starfrækt dagvist fyrir aldraða, þar fer fram félags- og tómstundastarf og mötuneyti er opið öllum sem sækja starfseminu. Dagvistin var fullnýtt allt árið en 9 geta verið þar samtímis, sumir eru alla virka daga en aðrir 2 – 3 daga í viku. Góð aðsókn var að félagsstarfinu og haldin myndarleg sýning á afrakstri vetrarstarfsins um vorið. Farið var í sumarferð um Reykjanesskagann. Þátttaka var góð og tókst ferðin vel. Ráðin var verkefnastjóri til að annast félagsstarfið og hóf hann störf í maí. Boðið var upp á fjölbætt félagsstarf virka daga. Meðal þess sem í boði var eru námskeið í glerbræðslu, glerlist, leirlist, tréskurði, skapandi skrif og almennri handavinnu. Þá er í boði Jóga, spilakvöld, bingó, óvissudagar, billiard, ferðir o.fl. Einnig er boðið upp á söngstund, dans, sumarferð, ball, jólakvöld og sýnikennslu.

Stefnt er að því að gera félags- og tómstundastarf markvissara og sýnilegra. Áfram þarf að huga að hvort unnt sé að bæta við námskeiðum í tölunotkun, tréútskurði, myndlist, bókbandi og bæta við uppákomum og dægrastyttingu. Þátttaka karla í hefðbundnu félagsstarfi hefur verið heldur dræm en á móti kom að þeir hittust s.l. ár tvisvar í viku í kaffisþjalli, voru með matarklúbb og smíðahóp sem er nýbreytni.

## **Heimþjónusta**

Starfsmenn heimþjónustu sinna því mikilvæga verkefni að styðja aldraða og aðra við ýmsa þætti heimilishalds og gera þeim unnt að búa lengur heima. Þessi þjónusta hefur verið að eflast og er aukin áhersla lögð á umönnunar- og félagslega þáttinn. Auk þess fær fólk aðstoð við hefðbundin þrif og hefur verktaki annast þjónustu á allnokkrum heimilum þar sem eingöngu er óskað eftir heimilisþrifum. Veitt var kvöld- og helgarþjónusta til þeirra sem þurfa aðstoð við lyfjagjöf, mat og að ganga til náða. Hefur heimþjónustan á að skipa fjölhæfum starfsmönnum. Þjónusta við eldri bæjarbúa jókst á árinu og einkum þjónusta við fólk á aldursbilinu 80 – 95 ára. Mun fleiri kjósa að búa heima sem lengst og þurfa aukna þjónustu á efri árum.

## **Hjúkrunarheimili**

Bygginganefnd hjúkrunarheimilisins vann áfram undirbúningsvinnu varðandi byggingu hjúkrunarheimilis. Viðræður hafa verið við sóknarnefnd um staðsetningu heimilisins við hliðina á Seltjarnarneskirkju.

## Málefni fatlaðra

Þjónusta við fatlað fólk fluttist frá ríki til sveitarfélaganna 1. janúar 2011. Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær undirrituðu samstarfssamning um sameiginlegt þjónustusvæði fyrir fatlaða og hefur verið unnið að því að þróa þjónustu svæðisins og móta reglur um starfshætti, mat á umsóknum um þjónustu og þjónustustig. Á hverju þjónustusvæði verða að búa að lágmarki 8000 manns og vinna sveitarfélög því víða saman að þjónustu við fatlaða. Seltjarnarnesbær fer með nokkra þætti þjónustunnar. Þessir þættir eru móttaka umsókna um þjónustu og ráðgjöf, frekari liðveisla skv. samningi og umsjón með stuðningsfjölskyldum.

## Jafnréttismál

Jafnréttisnefnd Seltjarnarness vann að endurskoðun jafnréttisáætlunar. Tók nefndin saman tölulegar upplýsingar um kynjaskiptingu í nefndum og ráðum hjá Seltjarnarnesbæ. Nefndin beitti sér einnig fyrir að jafnréttismálum væri sinnt í fræðslumálum og íþróttá- og æskulýðsmálum.

### Lykiltölur

<b>Félagsþjónustusvið Seltjarnarness:</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>
Fjöldi íbúa sem fengu fjárhagsaðstoð	36	49	55	60
Fjöldi fjölskyldna sem fengu húsaleigubætur	92	116	127	109
Fjöldi fjölskyldna sem unnið var með skv. barnaverndarlögum.	42	38	20	24
Fjöldi barna sem unnið var með skv. barnaverndarlögum	52	61	29	34
Fjöldi barnaverndartilkynninga	82	84	47	48
Meðaltalsfjöldi atvinnulausra yfir árið	22	130	119	107
Fjöldi heimila sem nutu heimaþjónustu	134	128	133	123
- þar af heimili aldraðra	99	97	111	101
- þar af heimili öryrkja	28	18	17	19
- þar af önnur heimili	7	13	5	3
Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér ferðaþjónustu	48	50	67	62
-þar af fatlaðir	24	18	25	22
-þar af aldraðir	24	32	42	40
Heildarfjöldi ferða ferðaþj. aldraðir og fatlaðir	8.917	8.458	10.877	12.459
Fjöldi aldraðra í dagvist	14	17	21	15

Fjöldi dvalardaga í dagvist	2.145	2.187	2.147	2.201
Meðaldvalarlengd í mán. í dagvist yfir árið	8,5	8	6	8,8
Fjöldi einstaklinga sem fengu liðveislu	16	18	24	21
- þar af fjöldi barna sem fengu liðveislu	11	10	15	13
- þar af fjöldi fullorðinna sem fengu liðveislu	5	8	9	8
Fjöldi starfsfólks sem sinnti liðveislu	20	28	26	20
Fjöldi afgreiddra máltíða í mötuneyti Skólabraut f. aldraða	3.758	4.091	3.622	4.518
Fjöldi heimsendra máltíða til aldraðra/öryrkja	1.233	2.048	2.222	2.518

## Fjárhags- og stjórnsýslusvið

Aðsetur: Austurströnd 2

Sími 5959 100 Bréfsími 5959101

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Vefpóstur: [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is)

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:00 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:00 – 14:00

Framkvæmdastjóri: Gunnar Lúðvíksson

Fjöldi starfsfólks: 10

Fjöldi stöðugilda: 9,8

Fjárhags- og stjórnsýslusvið hefur yfirumsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, rekstri, fjármálum og starfsmannahaldi. Sviðið sér einnig um upplýsingagjöf til bæjarbúa, starfsmanna og viðskiptavina. Helstu viðskiptavinirnir eru íbúar Seltjarnarness, fyrirtæki og einstaklingar í viðskiptum við bæinn ásamt stofnunum og starfsmönnum bæjarins.

Helstu lög og reglur sem móta starfsemi sviðsins og skapa því umgjörð eru lög um sveitarfélög nr. 138/2011, stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996 og samþykktir og reglur Seltjarnarnesbæjar. ([www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthyktir](http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthyktir)).

### Stjórnskipulag og starfsmannahald

Dagleg stjórn fjárhags- og stjórnsýslusviðs er í höndum fjármálastjóra. Sviðið skiptist í eftirfarandi megin starfseiningar; áætlunargerð og stjórnsýslu, starfsmanna- og launamál, bókhald og reikningsskil, álagning og innheimt tekna, greiðsla reikninga, þjónusta við viðskiptavinum og skjalastjórn.

## Helstu verkefni 2011

Fjármálastjórn bæjarsjóðs og tengdra stofnana auk eftirlits með tekjum og útgjöldum bæjarsjóðs, umsjón með lána- og sjóðastýringu. Leitað var leiða til að bæta verklag og auka hagræði í rekstri.

Yfirumsjón með og stjórn vinnu við fjárhagsáætlun og eftirfylgni, frávikagreining frá fjárhagsáætlun og kostnaðargreining.

Veita nefndum ráðgjöf, greiningu og upplýsingar varðandi það sem snýr að fjárhagslegum þáttum þeirra mála sem eru til meðferðar.

Veita ráðgjöf og þjónustu til stofnana bæjarins varðandi það sem snýr að fjármálum og rekstri, m.a. að samræma og leita leiða til að hagræða í innkaupum.

Yfirumsjón með fjárreiðum, greiðslu reikninga og innheimtu, álagningastofni fasteignagjalda og álagningu þeirra.

Ut anumhald íbúaskrár og spár um íbúa- og hagþróun í bænum.

## Fjármál

Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu 2011 námu 2.622 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 2.582 m.kr. Þar af voru skatttekjur 2.039 m.kr. Meginhluti skatttekna eru útsvarstekjur sem námu 1.752 m.kr. Fasteignaskattar námu 142 m.kr. Seltjarnarnes er með næst lægsta álagningarhlutfall útsvar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, eða 14,18%, en heimilt var að leggja á útsvar allt að 14,48% árið 2011.

## Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ársins 2011 var samþykkt af bæjarstjórn í desember 2010 en endurskoðuð 2011 og samþykkt breytt í bæjarstjórn 26. október 2011.

### Lykiltölur

Fjárhags- og stjórnsýslusvið	2007	2008	2009	2010	2011
Íbúafjöldi	4.446	4.403	4.403	4.327	4.304
Útsvarsprósenta	12,35%	12,10%	12,10%	12,10%	14,18%
Fasteignaskattur					
Íbúðarhúsnæði	0,24%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%
Opinbert húsnæði	0,88%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Atvinnuhúsnæði	1,12%	1,12%	1,12%	1,12%	1,12%
Skatttekjur í þús. kr.	426	422	397	431	474
Aðrar tekjur í þús. kr.	101	94	77	92	89
Laun og launatengd gjöld	285	314	328	325	330
Annar rekstrarkostnaður	185	235	225	194	195

## Íþróttta- og tómstundasvið

Aðsetur: Íþróttamiðstöð Seltjarnarness

Sundlaug sími: 561 1551

Íþróttahús sími: 561 2266

Suðurstrandavöllur sími: 571 0160

Selið: sími 5959-177

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is) og [www.solid.is](http://www.solid.is)

Íþróttta- og tómstundafulltrúi: Haukur Geirmundsson

Fjöldi starfsmanna: 34

Fjöldi stöðugilda: 21

Hlutverk íþróttta- og tómstundasviðs er að stuðla að heilbrigði almennings, skipuleggja uppbyggilegt og skemmtilegt tómstundastarf, eiga gott samstarf við íþróttta- og æskulýðsfélög og gæta þess að engum sé mismunað vegna kyns, þjóðernis eða fötlunar. Seltjarnarnesbær gegnir lykilhlutverki í frítímaþjónustu bæjarbúa ásamt aðildarfélögum. Saman hafa þessir aðilar staðið fyrir og hlúð að hvers konar starfsemi sem stuðlar að því að íbúar geti lagt stund á uppbyggilegt tómstundastarf utan vinnutíma. Frítímaþjónustan er ekki lög bundin, heldur almenningsþjónusta sem fólk sækir af eigin hvötum. Virk þátttaka í uppbyggilegu frístundastarfi hefur jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf. Aukinn stuðningur við íþróttafélögin skilar sér í auknum iðkenda fjölda og öflugra starfi. Með tómstundastyrkjum er lögð áhersla á að öll börn og unglingar hafi sömu möguleika á tómstundastarfi við hæfi. Með uppbyggingu glæsilegra íþróttamannvirkja er sköpuð aðstaða í öruggu umhverfi. Með kosningu á íþróttamanni og konu Seltjarnarness sýnir bæjarfélagið stuðning við íþróttafólk sem skarar fram úr. Fjöldi starfsmanna og sjálfbóðaliða leggja fram mörg þúsund vinnustundir til þess að ná fram faglegum markmiðum og veita eins góða þjónustu og völ er á. Sú vinna skilar sér í fjölbreyttu æskulýðs- og íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa með það að markmiði að auka lífsgæði, vellíðan og ánægju bæjarbúa.

Með öflugu íþróttta- og tómstundastarfi er lagður grunnur að ákveðnum farvegi fyrir upprennandi kynslóðir. Í erfiðum þjóðfélagslegum aðstæðum skiptir líðan barna og unglunga afar miklu máli og að þau eigi griðastað í öflugu tómstundastarfi og félagslegt öryggi. Frítíminn hefur ýmis gildi fyrir einstaklinginn og má þar nefna afþreyingu og forvarnargildi en eins má segja að um ákveðið menntunargildi sé einnig að ræða þar sem þau öðlast ákveðna reynslu í tómstundastarfinu sem þau munu svo nýta sér í framtíðinni.

### Íþróttamiðstöð

Gildi starfsstöðva íþróttamiðstöðvar samanstendur af þremur meginþáttum: Öryggi, hreinlæti og þjónusta. Starfsmenn fara einu sinni til tvisvar á ári í endurmenntun skyndihjálpar og leitast er við að bæta við sérhæfðum námskeiðum þar fyrir utan.

### Sundlaug

Sundlaugin og World Class mynda eina glæsilegustu heilsuræktaraðstöðu á landinu þar sem almenningi gefst tækifæri á að stunda líkamsrækt við bestu aðstæður sem völ er á. Mikil

ánægja er með þessa aðstöðu sem sannast á því að aðsókn sundlaugar fór yfir 200 þúsund gesti í fyrsta skipti síðan 1987. Trimmklúbbur er starfræktur í tengslum við sundlauginu og sundleikfimi er kennd fjórum sinnum í viku endurgjaldslaust. Sundlaugin er heilsuparadís þar sem almenningur hefur tækifæri á að rækta líkama og sál og njóta félagsskapar við aðra bæjarbúa. Miklar endurbætur hafa farið fram á sundlauginni á undanförunum árum. Á árinu 2011 voru engar stórar viðhaldsaðgerðir, heldur var mannvirkjum og búnaði aðeins haldið í horfinu. Gerð var tilraun með nýtt efni til varnar hálu yfirborði á bökkum sundlaugar sem er að reynast vel.

## Íþróttahús

Íþróttahúsið er nánast fullnýtt frá morgni til kvölds alla daga vikunnar. Þar fer fram íþróttastarf skólanna og öflugt starf Gróttu. Mikill uppgangur hefur verið í starfi Gróttu þar sem hundruð sjálfboðaliða leggja hönd á plóginn. Dvalartími barna og unglinga er langur í íþróttahúsinu og því mikið öryggi fyrir foreldra að vita af þeim í vernduðu umhverfi, þar sem þau geta beðið eftir æfingum í góðu yfirlæti. Fyrir utan venjubundið á árinu voru keypt áhöld fyrir fimleikadeild, nýjar markatöflur settar upp í stóra sal, og síðast en ekki síst sett sjálfopnandi rennihurð við aðalinngang íþróttahússins. Nokkur brýn viðhaldsverkefni bíða í íþróttahúsinu fyrir utan viðbótarbyggingu við fimleikasalinn.

## Knattspyrnuvöllur

Suðurstrandavöllur hýsir glæsilega knattspyrnuaðstöðu með gervigrasvelli, stúku, fjórum búningsklefum ásamt félags- og skrifstofuaðstöðu. Mikil ánægja er með knattspyrnuaðstöðuna sem iðkendur geta nýtt sér nánast allt árið. Svæðið er fallett og til mikillar prýði fyrir sveitarfélagið. Til knattspyrnuaðstöðunnar teljast einnig sparkvellir og Valhúsavöllur sem notaður er sem æfingasvæði knattspyrnudeildar yfir hásumarið.

### Lykiltölur

Íþrótt og tómstundaráð Seltjarnarness:	2008	2009	2010	2011
<b>Sundlaug</b>				
Heildarfjöldi sundlaugagesta	140.597	179.788	185.924	201.886
Fjöldi fullorðinna	85.156	61.391	63.525	58.224
Fjöldi aldraðra	7.603	10.344	9.250	8.932
Fjöldi barna 6- 18 ára aldurs	24.705	23.280	20.080	18.532
Öryrkjar	1.890	1.493	1.726	1.835
Gróttu	708	580	598	314
Skólar	17.415	15.816	15.026	13.500
Önnur aðsókn	3.120	2.903	2.160	1.200
Korthafar World Class - teljari-skanni		63.981	73.619	99.329



## Íþróttahús

Fjöldi almennra leigjenda	8.300	8.500	8.320	8.300
Fjöldi skólabarna	44.000	43.000	43.000	42.000
Fjöldi iðkenda handknd. Gróttu	57.353	59.100	60.527	59.500
Fjöldi iðkenda knattspd. Gróttu	11.574	11.900	12.059	12.350
Fjöldi iðkenda fimleikad. Gróttu	34.550	37.300	38.507	39.100
Aðrir hópar innan Gróttu	2.750	2.500	2.530	1.500

## Félagsmiðstöðin Selið

v/Suðurströnd.

Veffang: [www.selid.is](http://www.selid.is)

Vefpóstur: [selid@seltjarnarnes.is](mailto:selid@seltjarnarnes.is) /[margrets@seltjarnarnes.is](mailto:margrets@seltjarnarnes.is)

Sími: 5959 177 /5959 178

Æskulýðsfulltrúi og forstöðumaður: Margrét Sigurðardóttir

Fjöldi starfsfólks: 6

Fjöldi stöðugilda: 3

### Helstu verkefni 2011

Aðalstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar er yfir vetrartímam. Er þá megináherslan lögð á tólmundastarf unglunga s.s. böll, klúbbastarf, námskeið, fyrirlestra, forvarnarstarf, ferðalög og fleira. Selið er aðallega opið unglingum frá aldrinum 13-16 ára þ.e. 8., 9. og 10. bekk, en þó taka yngri börn líka þátt í starfinu að einhverju leyti. 7. bekkur hefur fastan tíma einu sinni í viku, en Selið hefur alfarið umsjón með félagslífi nemenda í Valhúsaskóla. Eins hefur verið uppbygging í starfi fyrir 16 ára og eldri á Seltjarnarnesi og er þessi aldurshópur með eitt fast kvöld í viku í Selinu.

### Grunnskólinn og Selið

Samvinna skólans og Selsins er mjög góð. Búið er að sameina skíðaferðalög Valhúsaskóla og Selsins. Þá fer starfsfólk frá báðum stofnunum í ferðalögin og sami háttur var hafður á með vorferð 10. bekkjar. Starfsmaður Selsins kennir valáfanga fyrir 9. og 10. bekk í félagsmálafræði við skólann. Eins hafa starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar verið með eineltis – og samskiptafræðslu í samstarfi við skólann. Eins og undanfarin ár var samstarf milli foreldrafélags Valhúsaskóla og Selsins en þá var unnið að nokkrum samstarfsverkefnum og má þar helst nefna foreldrarölt og lokaball.

### Önnur starfsemi Selsins

Ýmsir félagahópar á vegum Seltjarnarnesbæjar hafa fengið að nýta sér húsnæði Selsins til fundahalda eða skemmtana. Hljómsveitaraðstaða sem er staðsett í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar hefur verið nýtt alla daga vikunnar og eru hljómsveitarmeðlimir á öllum aldri frá 13 ára til 50+. Bekkjarkvöld voru haldin í Selinu auk barnaafmæla. Eldri borgarar hafa nýtt sér aðstöðu Selsins til þess að koma saman og spila billiard og eins hafa hópar utan af landi fengið að gista í félagsmiðstöðinni.

## **Ungmennaráð Seltjarnarness**

Ungmennaráð Seltjarnarness er á sínu þriðja starfsári. Í ágúst í sumar tóku þau á móti ungmennaráði Lunda í Svíþjóð gegnum verkefni á vegum Evrópa ungafólksins sem bar heitið „Evrópsk menning ungmenna og lýðræði. Erum við öll á sama blaði“ Verkefnið gekk mjög vel í alla staði. Ungmennaráðið hélt ýmsa viðburði fyrir sína jafnaldra og eins eru þau í góðu samstarfi við eldri borgara og héldu í annað sinn í sumar Nikkuball fyrir þennan aldurshóp.

## **Öskudagur**

Öskudagsskemmtun er samvinnuverkefni íþrótta- og tómstundaráðs, Selsins og foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness. Framkvæmdaaðilar eru Grunnskóli Seltjarnarness, félagsmiðstöðin Selið og foreldrafélagið. Haldnar voru tvær skemmtanir fyrir í Mýrarhúsaskóla fyrir 1.-3. bekk og 4.-6. bekk sem heppnuðust mjög vel.

## **Þjóðhátíðardagurinn 17. júní**

Selið sá um skipulagningu og dagskrá á hátíðarhöldum Seltjarnarnesbæjar á 17. júní Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness leiddi skrudgöngu og boðið var upp á skemmtun á Eiðistorgi auk dagskrár í Félagsheimili Seltjarnarness þar sem bæjarbúar gátu keypt kaffiveitingar og hlustað á ljúfa tóna frá Listahópi Seltjarnarness og Tríói Ara Braga, Ragnars Árna og Davíð Þórs. Skemmtiatriði voru flutt af Seltirningum og fleirum. Hátíðin heppnaðist að öllu leyti vel og var fjölmenn.

## **Sumarnámskeið**

Selið sér um sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 6 - 12 ára. Námskeið sem börnunum stóð til boða voru leikja-, survivor- og knattspyrnunámskeið en einnig var starfræktur smíðavöllur í samstarfi við garðyrkjustjóra Seltjarnarness.

## **Selið og Vinnuskólinn**

Hver vinnuflokkur stundaði listsköpun tvo til fjóra daga í senn undir handleiðslu starfsmanns Selsins. Unnið var með sama þema og árinu áður þar sem unglíngarnir unnu að uppbyggingu á þorpinu “litla Seltjarnarnes” í samstarfi við smíðavöllinn og eins voru unnar stuttmyndir sem hafa verið aðgengilegar á internetinu.

## **Listahópur Seltjarnarness**

Ungt fólk á aldrinum 18 til 24 ára gat sótt um að starfa við ýmsa listsköpun á vegum Seltjarnarnesbæjar. Í sumar samanstóð hópurinn af 6 listarmönnum. Listahópurinn vann að einstaklings- og hópverkefnum sem bæjarbúar nutu góðs af.

## **Húsnæði Selsins**

Frá því í júlí 2011 hefur húsnæði Selsins ekki verið nothæft. Það hafa orðið þrjú vatnstjón á sjö mánaða tímabili þar sem skemmdir á húsnæði og gólfefnum hafa hlotist af. Af þessum sökum hefur orðið mikil truflun á starfssemi Selsins. Allir hafa verið af vilja gerðir að hjálpast að og sýna skilning á húsnæðisvandrunum og hefur félagsmiðstöðin fengið inni í Félagsheimilinu þegar því er við komið og eins í skólanum. En af fyrrgreindum ástæðum hafa forsendur fyrir að reikna út aðsóknartölur fyrir haustmánuði 2011 brostið og fylgja þær því ekki með í ársskýrslu.

## Lykiltölur

<b>Félagsmiðstöðin Selið</b>	2008	2009	2010	2011
Mætingameðaltal nem. vorönn í dagstarfi	9	9	13	15
Mætingameðaltal nem. vorönn í kvöldstarfi	18	18	14	19
Mætingameðaltal 12 ára barna haustönn	30	30	41	
Mætingameðaltal 12 ára barna vorönn	12	12	11	37
Mætingameðaltal nem. Haustönn í dagstarfi	13	13	23	
Mætingameðaltal nem. Haustönn í kvöldstarfi	22	22	29	
Mætingameðaltal hjá eldri borgurum á vorönn	6	6	6	7
Mætingameðaltal hjá eldri borgurum á haustönn	6	6	7	
Fjöldi nemenda í félagsmálafræði í Selinu á vorönn	27	27	26	35
Fjöldi nemenda í félagsmálafræði í Selinu á haustönn	18	18	30	61
Heildarfjöldi heimsókna í Selið	5000	5000	7.600	
Viðburðir Selsins og Valhúsaskóla haldnir í Félagsheimili og/eða Valhúsaskóla	1524	1524	2.947	
<b>Sumarnámskeið Selsins</b>				
Fjöldi barna skráð á leikjanámskeiðum að sumri	152	167	150	173
Fjöldi barna skráð á Survivor-námskeið	59	92	77	50
Fjöldi barna skrá á Smíðavalla - námskeið	59	34	54	55
Fjöldi barna skráð í fótboltaskóla Gróttu	76	103	97	113
Heildarfjöldi á sumarnámskeiðum Selsins	368	438	378	391

## Fræðslusvið#

Aðsetur: Skólaskrifstofa Seltjarnarness, Austurströnd 2

Sími: 5959 100 Bréfsími: 5959 101

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Vefpóstur: [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is)

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:00 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:00-14:00.

Fræðslustjóri: Baldur Pálsson

Fjöldi starfsfólks: 166

Fjöldi stöðugilda: 147,5

Skólaskrifstofa fer með yfirumsjón starfsemi grunn-, leik- og tónlistarskóla, daggæslu í heimahúsum, auk þess að sinna forvarnarstarfi. Fræðslustjóri hefur umsjón með upplýsingagjöf fyrir skólanefnd, undirbúningi funda og ritun fundargerða, ásamt eftirfylgni við stefnumörkun og ákvarðanir nefndarinnar. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón með fjárhagsáætlanagerð þeirra starfsstöðva sem tilheyra sviðinu í samráði við hlutaðeigandi stjórnendur. Skólaskrifstofa hefur auk þess umsjón með innritun barna til dagforeldra og í leik-, grunn- og tónlistarskóla, ásamt umsjón með skráningu nemenda bæði í grunn- og tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Fræðslustjóri hefur yfirsýn yfir dagforeldra í bænum, veitir þeim ráðgjöf og starfsleyfi, auk þess að hafa eftirlit með því að starfsreglum sé framfylgt.

Stærstu verkefni skólaskrifstofu á árinu 2011 voru skipulagning og framkvæmd Skólaþings Seltjarnarnesbæjar, sem haldið var í Valhúsaskóla í mars. Þar var öllum bæjarbúum gefinn kostur á að taka þátt í endurskoðun skólastefnu bæjarins. Endurskoðuð skólastefna var síðan samþykkt af bæjarstjórn á árinu og sá skólaskrifstofa um eftirfylgni við hana í stofnunum innan sviðsins. Meðal annarra verkefna á árinu má nefna eftirfylgni við fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar 2011 og í því sambandi aðlögun starfsemi stofnana á sviðinu að fækkun nemenda. „Sumarskólinn“ var festur í sessi, en hann er tilboð fyrir 5 ára börn sem miðar að því að venja þau fyrir við umhverfi Grunnskólans ásamt því að flýta inntöku nýrra nemenda á leikskóla.

## Daggæsla í heimahúsum

Á Seltjarnarnesi eru starfandi dagforeldrar á fimm heimilum. Hjá þeim dvelja 31 barn, þar af eiga 14 börn lögheimili á Seltjarnarnesi. Dagforeldrar eru sjálfstæðir atvinnurekendur og starfa samkvæmt starfsleyfi og dvalarsamningum sem gerðir eru við foreldra/forráðamenn barnanna. Skólaskrifstofa Seltjarnarness veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005.

## **Leikskóli Seltjarnarness**

Suðurströnd 1 og 3

Símanúmer: 5959280 / 5959290

Veffang: <http://www.leikskoli.seltjarnarnes.is>

Vefpóstur: [soffia@nesid.is](mailto:soffia@nesid.is) / [annaha@nesid.is](mailto:annaha@nesid.is)

Leikskólastjóri: Soffía Guðmundsdóttir

Aðst.leikskólastjóri: Anna Harðardóttir

Fjöldi starfsmanna: 49

Fjöldi stöðugilda: 43,15

Leikskóli Seltjarnarness starfar samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerðum þeim tengdum. Skólinn starfar á tveimur starfsstöðvum sem standa á sömu lóð við Suðurströnd. Í skólanum er lögð áhersla á að börn fái tækifæri til að hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfir og þau styrkt til sjálfshjálpar í öllum þáttum daglegs lífs. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins því samkvæmt hugmyndafræði leikskóla lærir barn mest og best í leik og samskiptum við börn og fullorðna í frjóu og skapandi umhverfi.

### **Helstu verkefni 2011**

#### **Sameining leikskólanna**

Unnið var enn frekar að samræmingu vinnubragða og skipulagningu verkferla.

#### **Handleiðsla**

Gildavinnu undir handleiðslu Gylfa Dalmanns var haldið áfram og starfsfólk kom sér saman um gildi Leikskóla Seltjarnarness. Þau eru jákvæðni, virðing og fagmennska og skulu höfð að leiðarljósi í daglegu starfi.

#### **Tónlist**

Öll börn skólans njóta kennslu tónmenntakennara sem er mikilvæg viðbót við annað tónlistarstarf sem fram fer í skólanum. Tónlistarkennslan er samstarfsverkefni leikskólans við Tónlistarskóla Seltjarnarness.

#### **Umhverfismennt**

Leikskólinn flaggar grænfánanum sem er alþjóðleg viðurkenning fyrir starf að umhverfismennt og menntun til sjálfbærrar þróunar. Grænmetisræktun hófst að vori og haldin var vegleg uppskeruhátíð með þátttöku foreldra að hausti.

Virk umhverfisnefnd er starfandi við skólann.

#### **SMT – skólafærni**

Áhersla var lögð á að festa SMT – skólafærni í sessi, en verkefnið gengur út á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun með því að kenna og þjálfa félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun barna gaum með markvissum hætti.

#### **Þátttökuaðlögun**

Til að auðvelda og flýta aðlögun barna var tekin upp þátttökuaðlögun sem byggir á því að börn sem byrja á sömu deild hefja aðlögun sína saman með fullri þátttöku foreldra í starfi skólans aðlögunardagana.

## Sumarskólinn

Var starfræktur annað árið í röð fyrir elstu börn leikskólans sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Sumarskólinn er starfræktur í húsnæði grunnskólans. Þar er megináhersla lögð á að börnin aðlagist húsnæði grunnskólans og mótuneyti, upplifunarferðir og útvíst.

## Íþróttaskóli Gróttu

Samstarfsverkefni leikskólans og Gróttu þar sem börnin fá kynningu og leiðsögn í þeim íþróttagreinum sem félagið býður upp á þ.e. handbolta, fótbolta og fimleikum.

## Önnur verkefni:

>Hlutverk foreldraráðs skilgreint og mótað

>Þátttaka í evrópusamstarfi CZP ” Exchange of experience and know-how in childcare” sem fólst í gagnkæmum heimsóknum á milli Íslands og Tékklands þar sem skiptst var á upplýsingum, reynslu og kennslu í skólastarfi landanna tveggja.

>Leikskólinn er heimaskóli nema við menntavísindasvið HÍ sem felur í sér að sjá þeim fyrir æfingakennurum og vettvangstengingu meðan á námi stendur.

>Jafnréttisstefnan er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi.

>Í samstarfi við nágrannasveitarfélögin í Kraganum er boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra og námskeið fyrir alla sem starfa í leikskólanum.

>Leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við alla starfsmenn á vorönn og deildarstjóra að hausti.

>Starfsfólk tók þátt í vinnustaðagreiningu Seltjarnarnesbæjar.

## Lykiltölur

Leikskóli Seltjarnarness	2008	2009	2010	2011
Fjöldi nemenda	192	191	174	179
Nemendur 0 – 2 ára	21	29	53	59
Nemendur 2 – 6 ára	174	162	121	120
Hlutfall leikskólanemenda af íbúum Seltj.ness	4,3%	4,1%	4,0%	4,1%
Meðaldvalartími nemenda á dag í LS	8,28	8,03	8,15	8,01
Heildarfjöldi stöðugilda við LS	42,42	43,15	42,3	43,15
Stöðugildi leikskólakennara á launum	22,73	18,25	13,49	16,00
Hlutfall leikskólakennara í fullu starfi	43,5%	48,12%	60,65%	44 %
Stöðugildi starfsfólks með aðra fagmenntun	2,94	6,84	7,06	8,85
Fjöldi annars starfsfólks	20,00	18,07	22,05	18,30
Fjöldi stöðugilda í eldhúsi	3,5	3	3	3

## **Grunnskóli Seltjarnarness**

v/ Nesveg og v/ Skólabraut

Sími: 5959 200/5959 250

Bréfsími: 5959 201/5959 251

Veffang: [www.grunnskoli.is](http://www.grunnskoli.is)

Vefpóstur: [grunnskoli@grunnskoli.is](mailto:grunnskoli@grunnskoli.is)

Skólastjóri: Guðlaug Sturlaugsdóttir

Aðstoðarskólastjórar: Helga Kristín Gunnarsdóttir og Ólína Thoroddsen

Fjöldi starfsmanna: 94

Fjöldi stöðugilda: 90

Fjöldi nemenda: 523

Grunnskóli Seltjarnarness starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerðum þeim tengdum. Hann heyrir undir Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar. Skólinn er deildaskiptur grunnskóli : yngsta stig ( 1. – 3. bekkur ), miðstig ( 4. – 6. bekkur ) og unglíngastig ( 7. – 10. bekkur ). Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur hafi gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu. Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð og vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólastarfið.

### **Helstu verkefni 2011**

#### **Uppbyggingarstefnan**

Stýrihópur heldur utan um verkefnið. Uppbyggingarstefnan er mannúðarstefna sem leggur áherslu á að kenna sjálfstjórn og ýtir undir hæfni til að bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Starfsfólk skólans fór í námsferð vorið 2011, sem tókst mjög vel.

#### **Skóli á grænni grein**

Í skólanum er starfandi umhverfisnefnd sem hefur umsjón með þessum þætti skólastarfsins. Lögð er áhersla á að unnið sé eftir áherslum skóla á grænni grein ekki einungis endurvinnslu heldur einnig að vinna að sjálfbærni í víðum skilningi.

#### **Klæðskerasaumuð símenntun**

Verkefninu lauk vorið 2011 og var skýrsla um verkefnið sett á vefsíðu skólans.

#### **Mat á skólastarfi**

Í desember 2011 var gefin út áfangaskýrsla sem birt var á vefsíðu skólans. Nýjungar í mati voru t.d. að fenginn var utanaðkomandi aðili (Reykjavíkurborg) til að gera foreldrakönnun og fékk skólinn því samanburð á stöðu skólans miðað við skóla í Reykjavík. Einnig var leiðsagnarmat innleitt í alla árganga fyrir foreldradaga. Þessu til viðbótar var gerð vinnustaðgreining í öllu bæjarfélaginu og voru niðurstöður birtar haustið 2011.

#### **Þróunarverkefni**

Unnið var að þremur þróunarverkefnum (Comenius) í lífsleikni annars vegar og umhverfis-og náttúrufræði. Verkefnunum lauk vorið 2011

#### **Önnur verkefni:**

>Skólapúlsinn mælir átta sinnum á ári líðan nemenda o.fl. (hluti af sjálfsmati skólans)

>Símenntunaráætlun var gerð í mars og birt á vefsíðu skólans.

>Handbók foreldra var uppfærð og birt á vefsíðu skólans.

- >Skólanámskrá og kennsluáætlanir voru birtar á vefsíðu skólans.
- >Nemendum í 10. bekk er boðið að taka áhugasviðskönnun, Bendill.
- >Unnið var eftir samstarfssamningi um kennaranema við Menntavísindasvið HÍ.
- >Skólaráð hóf sitt fjórða starfsár haustið 2011.

#### Lykiltölur

<b>Grunnskóli Seltjarnarness:</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>
Fjöldi nemenda	605	575	546	523
Nemendur á yngsta stigi	139	135	138	135
Nemendur á miðstigi	171	161	155	142
Nemendur á unglíngastigi	295	279	253	246
Heildarfjöldi stöðugilda við GS	97,6	103	98,2	90
Stöðugildi grunnskólakennara á launum	60	63	59	54
Stöðugildi starfsfólks með aðra fagmenntun	13	10	11,2	11
Fjöldi stöðugilda annars starfsfólks	24,6	30	28	25
Hlutfall grunnskólakennara í fullu starfi	82,5%	85,7%	86,7%	86%
<b>Grunnskóli Seltjarnarness -Skólaskjól</b>				
Nemendur í Skólaskjóli (1. – 4. bekkur)	80	80	100	98
Meðaldvalartími nemenda á dag í Sk.skjóli	2klst.	2,5 klst.	2,5klst.	2,5klst.

#### Tónlistarskóli Seltjarnarness

v/Skólabraut

Sími: 5959 235

Veffang: [www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli](http://www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli)

Vefpóstur: [tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is](mailto:tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is)

Skólastjóri: Gylfi Gunnarsson

Aðstoðarskólastjóri: Kári Húnfjörð Einarsson

Fjöldi starfsmanna: 22

Fjöldi stöðugilda: 13,35

Fjöldi nemenda: 220

Skólinn hefur frá stofnun sinni almennt tónlistarmenntun Seltirninga með áherslu á grunnskólaaldur. Undanfarin ár hafa sífellt fleiri eldri nemendur á framhaldsstigi stundað



nám í Tónlistarskóla Seltjarnarness. Breyting kann að verða á þeirri þróun með tilkomu nýrra laga er varða stuðning Menntamálaráðuneytisins við nemendur sem lokið hafa miðprófi.

### **Helstu verkefni 2011.**

#### **Tónleikar**

Tónleikar skólans voru með hefðbundnum hætti eða á þriggja vikna fresti í sal skólans. Jóla- og vortónleikar skólans voru í Seltjarnarneskirkju og einnig tónleikar fyrir lengra komna nemendur. Samkvæmt venju voru tónleikar lúðrasveitanna haldnir í Seltjarnarneskirkju á vor- og haustönn. Hljóðfærakynning fyrir 7 og 8 ára forskólanemendur og foreldra þeirra var haldin á degi tónlistarskólanna, en þar svöruðu kennarar fyrirspurnum varðandi hljóðfæranámið. Þá heimsóttu grunn- og leikskólanemendur Tónlistarskólann í desembermánuði auk þess heimsóttu nemendur Tónlistarskólans leikskólanna nokkrum sinnum á skólaárinu.

#### **Te og tónlist**

Áframhald varð á samstarfi Tónlistarskólans og Bókasafns Seltjarnarness. Kennarar og lengra komnir nemendur komu fram á tónleikum í bókasafninu, mánaðarlega á árinu.

#### **Hljómsveitir**

Starfandi voru þrjár lúðrasveitir innan skólans A, B og C sveit, auk léttisveitar á vorönn 2011. Frá haustönn 2011 voru starfræktar tvær aldurskiptar lúðrasveitir, A og B sveit og eru þær undir stjórn Kára H. Einarssonar. Yngri og eldri strengjasveitir eru starfandi innan skólans, stjórnandi þeirra er Helga Þórarinsdóttir. Auk áður upptalinna hljómsveita voru starfandi nokkrar popp- og jasshljómsveitir sem komu fram reglulega á árinu 2011, jafnt innan skóla sem utan.

Skólalúðrasveitir fóru í hefðbundnar æfingabúðir og tónleikar voru haldnir á vor- og haustönn. B-sveitin tók þátt í tónlistar og menningarhátíð sem haldin var á Blönduósi. C-sveitin var með tónleika á Norðurlandshátíð, nýjum samkomustað á Seltjarnarnesi. Sveitin hélt síðan til Spánar þar sem hún tók þátt í tónlistarhátíð ásamt fjölda annarra hljómsveita. Stórsveit skólans var ein af mörgum sveitum sem tróðu upp á stórsveitamaræðni, sem að þessu sinni fór fram í Perlunni.

#### **Nótan**

Uppskeruhátíð íslenskra tónlistarskóla var haldin í annað sinn á vorönn. Að þessu sinni tóku þátt tveir nemendur frá Tónlistarskóla Seltjarnarness, þau Brynhildur Magnúsdóttir og Magnús Orri Dagsson. Þau léku saman á þverflautu og gítar og stóðu sig með mikilli þryði.

#### **Próf**

Allir nemendur skólans taka vorpróf. Þegar nemandi hefur lokið ákveðnum áfanga í tónlistarnáminu gefst honum kostur á að þreyta áfangapróf á hljóðfæri. Þrettán nemendur luku grunnprófi, þrjú nemendur luku rytmisku grunnprófi, ellefu nemendur þreyttu miðpróf og þrjú nemendur luku rytmisku miðprófi, einn nemandi tók

jazzpróf IV. stigs. Fyrstu framhaldsprófin sem tekin hafa verið frá Tónlistarskóla Seltjarnarness voru þreytt s.l. vor. Anna Bergljót Gunnarsdóttir píanómendi tók áðurnefnt próf á píanó og Bergur Þórisson á básúnu.

### Námskeið og endurmenntun

Starfsfólk skólans fór í náms- og kynnisferð til Berlínar í mars s.l. Kennarar heimsóttu tónlistarskóla og fóru á æfingu með lúðrasveit. Margir fóru á jass-tónleika og öll fórum við á tónleika með Berlínar-fílharmóníunni.

### Lykiltölur

Tónlistarskóli Seltjarnarness:	2008	2009	2010	2011
Fjöldi nemenda	274	265	260	220
Fjöldi nemenda í grunnnámi	209	194	192	160
Fjöldi nemenda í miðnámi	51	54	48	41
Fjöldi nemenda í framhaldsnámi	14	17	20	19
Fjöldi nemenda í lúðrasveitum skólans	90	90	90	60
Fjöldi kennara	25	24	24	21
Fjöldi stöðugilda	16,82	16,69	15,5	13,35
Ritari skólans	1	1	1	1

## Menningarmál

Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness í janúar.

Árleg Jónsmessuganga Menningarnefndar Seltjarnarness var farin fimmtudaginn 23. júní og var með eindæmum vel heppnuð. Málfríður Finnbogadóttir, verkefnastjóri á Bókasafni Seltjarnarness leiddi gönguna og sagði frá húsum og húsasögu á Seltjarnarnesi. Í lok göngunnar var farið niður í fjöru þar sem kveikt var í brennu og sungið undir harmonikkuleik Bjarka Harðarsonar.

Menningarhátíð Seltjarnarness 1.-6.október. Hátíðin var vel sótt og tókst í alla staða mjög vel. Um 1770 manns sóttu 15 viðburði á þessum dögum.

## Fræðasetrið í Gróttu

Starfsemi Fræðasetursins í Gróttu var með hefðbundnum hætti árið 2011. Ýmsir nemendahópar sóttu Gróttu heim og dvöldu þar um lengri eða skemmri tíma undir leiðsögn kennara eða foreldra, en hægt er að gista í setrinu. Góð aðstaða er í húsinu til að taka á móti hópum og ýmis búnaður til kennslu, rannsókna, verkefnavinnu, vettvangsferða, funda og veisluhald. Upplýsingar um Fræðasetrið er að finna á heimasíðu bæjarins og þar er einnig að finna flóðatöflur sem veita upplýsingar um hvenær er hægt að komast út í Gróttu.

„Fjölskyldudagur í Gróttu“ var haldinn þann 30.apríl og sáu starfsmenn Grunnskóla Seltjarnarness fyrir vöflukaffi að þessu sinni. Fjölmenni lagði leið sína út í Gróttu og naut náttúru og umhverfis og nýtti sér tækifærið að fara upp í Gróttuvita. Björgunarsveitin Ársæll var á staðnum og ferjaði fólk sem ekki treysti sér til að ganga út í eyju.

Lykiltölur

Fræðasetrið í Gróttu	2008	2009	2010	2011
Fjöldi gistinátta úti í Gróttu	11	11	7	71
Heimsóknir skólahópa	9	2	5	10
Veislur, fundir og aðrar upptakomur	12	3	1	15
Fjöldi leigudaga á húsnæði Gróttu	32	16	13	96

## Bókasafn Seltjarnarness

Eiðistorgi 11, 2.hæð

Sími: 5959 170

Veffang: [www.seltjarnarnes.is/bokasafn](http://www.seltjarnarnes.is/bokasafn)

Opið mánud.-fimmtud. 10-19 og föstud. 10-17

Vefpóstur: [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is)

Bæjarbókavörður: Pálína Magnúsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 8 Fjöldi stöðugilda: 5,5

Bókasafn Seltjarnarness er menningar-, mennta- og upplýsingastofnun. Meginmarkmið safnsins er að efla lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna. Þjónustan skal ná til allra, án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúarbragða, þjóðernis eða

þjóðfélagsstöðu. Það skal leitast við að jafna aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu og standa vörð um íslenska tungu, bókmenntir og menningararf og hvetja til lesturs, náms og símenntunar.

Starfsemi Bókasafns Seltjarnarness var með hefðbundnu sniði árið 2011. Útlán hafa nú náð jafnvægi eftir mikla aukningu eftir hrun. Samstarf við skóla, leikskóla og tónlistarskóla var mikið og almenn aukning á því. Þá átti safnið í góðu samstarfi við nágrannasveitarfélögin um útlán, símenntun og menningarstarfsemi.

### Helstu verkefni 2011

Helstu verkefni Bókasafns Seltjarnarness árið 2011 utan hefðbundinnar starfsemi, sneru að menningar- og félagsstarfi fyrir bæjarbúa. Menningartengd verkefni Seltjarnarnesbæjar sem áður heyrðu undir sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs en heyra nú undir nýtt menningarsvið, voru færð undir starfsmenn safnsins í lok árs 2010. Starfsmenn safnsins sinna nú, auk hefðbundinna starfa á bókasafni, viðburðum ýmsum á vegum bæjarins, svo sem Jónsmessugöngu, fjölskyldudag í Gróttu, menningarhátíð, tilnefningu bæjarlistamanns auk ýmissa verkefna og starfsemi á vegum menningarnefndar bæjarins. Safnið lokar kl 17:00 á föstudögum í stað 19:00 áður og lokað var á laugardögum allt árið. Einnig lokaði safnið í tvær vikur í kringum verslunarmannahelgi. Mæltust þessar breytingar misvel fyrir hjá notendum safnsins, þó flestir hefðu skilning á nauðsyn þessa. Ekki er mælt með að sú ráðstöfun verði endurtekin.

Kvenfélagið Seltjörn hélt fundi sína í Eiðisskeri og hefur það leitt til afar ánægjulegs samstarfs.

Samstarfið við Tónlistarskóla Seltjarnarness um Te og tónlist hefur þroskast og þróast á mjög jákvæðan hátt.

Þrjónakaffi, leshringur, tónleikar, sýningar og fleiri uppákomur lífguðu upp á starfið og var mjög vel sótt.

Höfundakynning ársins tókst sérstaklega vel í ár. Yfir 100 manns fylgdust með nokkrum höfundum kynna verk sín og tóku þátt í umræðum um bækur á eftir. Kvenfélagið sá um veitingar og var það sérstaklega ánægjulegt og skemmtilegt samstarf.

Alls voru 121 viðburður á safninu árið 2011 og tóku 3264 gestir þátt í þessum viðburðum. Þar af voru 76 uppákomur fyrir börn með 1053 þátttakanda. Aðrir sem voru með fundi / uppákomur á safninu voru 19 með um 956 þátttakendum.

### Lykiltölur

Bókasafn Seltjarnarness:	2008	2009	2010	2011
Fjöldi titla	31.862	32.330	33.009	33.916
Fjöldi eintaka	52.460	52.635	53.400	54.758
Lánþegar með gilt skírteini um áramót / lánþ. með gilt skírteini sl. 3 ár	2.085	2.347	2.097	2.053 / 4.226

Lánþegar í póstrn. 170 / sl. 3 ár				837 / 1.631
Lánþegar(konur) með gilt skírteini / sl. 3 ár	1.415	1.634	1.419	1.390 / 2.726
Lánþegar(karlar) með gilt skírteini / sl. 3 ár	551	590	506	475 / 1.125
Nýir lánþegar á árinu / sl. 3 ár	608	707	525	497 / 1.831
Fullorðnir (18 ára+) / sl. 3 ár	1.645	1.865	1.708	1.690 / 3.354
Ungmenni (13-17 ára) / sl. 3 ár	137	139	92	87 / 244
Börn (0-12 ára) / sl. 3 ár	247	286	243	226 / 529
Heildarútlán	67.209	77.463	69.840	67.168
Þar af útlán úr sjálfsafgreiðslu	16.928	22.473	16.655	
Heildarútlán bóka	51.085	59.292	55.735	53.730
Heildarútlán tímarita	9.213	11.181	9.426	9.072
Heildaútlán mynddiska	3.121	3.005	2.133	1.914
Heildarútlán myndbanda	370	67	52	52
Fjöldi viðburða og sýninga á vegum safnsins	14	88	101	123
Fjöldi gesta á viðburði og sýningar á vegum safnsins		2.121	2.125	3.264
Þar af viðburðir fyrir börn			58	76
Viðburðir þar sem safnið lána og/eða leigir húsnæði		84	26	19
Fjöldi gesta á viðburði þar sem safnið lána og/eða leigir húsnæði		1.700	516	956

## **Lækningaminjasafn Íslands**

Aðsetur: Austurströnd 2

Sími: 5959 100

Bréfsími: 5959 101

Veffang: [www.laekningaminjasafn.is](http://www.laekningaminjasafn.is)

Vefpóstur: [laekningaminjasafn@seltjarnarnes.is](mailto:laekningaminjasafn@seltjarnarnes.is)

Forstöðumaður: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 1

Fjöldi stöðugilda í lok árs 2011: 1

### **Helstu verkefni 2011**

Sumarið 2011 var Nesstofa opin alla daga kl. 13 -17 og var aðgangur ókeypis. Aðsókn gesta var ágæt. Á opnunartíma Nesstofu voru reglulega farnar leiðsagnir um Nesstofu og bæjarhólinn og einnig hefur verið boðið upp á leiðsagnir fyrir hópa. Urtagarðurinn í Nesi var opinn almenningi.

Seltjarnarnesbær

Ársreikningur  
2011

Seltjarnarnesbær  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes

Kt. 560269-2429

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8



## Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

---

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytisins sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2011 námu 2.622 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 2.582 millj.kr. Rekstrartekjur A hluta námu 2.428 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 2.359 millj.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 93 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 1,6 millj.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 139 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 23 millj.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2011 nam 3.422 millj.kr. en eigið fé A hluta nam 3.988 millj.kr.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 1.454 millj.kr. Heildarfjöldi starfsmanna sveitarfélagsins var 319 í árslok 2011 en meðalstöðugildi á árinu voru 239. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 32,4 millj.kr. á árinu 2011.

Íbúar Seltjarnarnesbæjar þann 1. desember 2011 voru 4.304 og fækkaði þeim um 23 frá fyrra ári eða 0,5%.

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2011 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Seltjarnarnesi, 12. apríl 2012.

Bæjarstjóri:



Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2011 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Seltjarnarnesi, 9. maí 2012.

Bæjarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 9. maí 2012.

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur ársins 2011

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2011	Áætlun 2011	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2011	Áætlun 2011	Ársreikningur 2010
<b>Rekstrartekjur</b>							
Skatttekjur.....		2.043.669	1.904.891	1.865.700	2.039.066	1.904.891	1.861.296
Aðrar tekjur.....		384.064	454.323	399.393	582.874	676.834	548.747
	20	<u>2.427.733</u>	<u>2.359.214</u>	<u>2.265.092</u>	<u>2.621.939</u>	<u>2.581.725</u>	<u>2.410.043</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld.....	21	1.421.007	1.376.553	1.405.820	1.454.280	1.402.320	1.428.403
Annar rekstrarkostnaður.....	22	841.046	970.145	837.539	918.594	1.106.641	908.452
		<u>2.262.053</u>	<u>2.346.698</u>	<u>2.243.359</u>	<u>2.372.875</u>	<u>2.508.961</u>	<u>2.336.855</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....		165.680	12.515	21.733	249.064	72.763	73.188
Afskriftir.....	7,25,26	( 77.721 )	( 70.251 )	( 81.014 )	( 101.210 )	( 93.058 )	( 109.837 )
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.		87.959	( 57.736 )	( 59.281 )	147.855	( 20.295 )	( 36.649 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	23	51.271	81.073	79.676	( 55.098 )	21.869	37.308
<b>Rekstrarniðurstaða.....</b>	<b>35</b>	<u>139.230</u>	<u>23.338</u>	<u>20.396</u>	<u>92.757</u>	<u>1.575</u>	<u>659</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2011	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2011	Ársreikningur 2010
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir.....		3.269.158	3.249.563	3.546.430	3.651.070
Veitu- og gatnakerfi.....		248.518	196.951	618.167	516.556
Vélar, áhöld og tæki.....		47.826	43.073	50.959	46.310
Leigðar eignir.....		36.105	41.810	36.105	41.810
	25 - 30	<u>3.601.607</u>	<u>3.531.397</u>	<u>4.251.661</u>	<u>4.255.746</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum.....	8, 31	233.121	232.704	231.976	231.559
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....	32	311.284	339.330	0	0
Tekjuskattsinnæign.....	10, 33	0	0	33.863	30.522
		<u>544.405</u>	<u>572.034</u>	<u>265.839</u>	<u>262.081</u>
Fastafjármunir		<u>4.146.012</u>	<u>4.103.431</u>	<u>4.517.500</u>	<u>4.517.827</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir.....	11	0	0	3.952	5.168
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar skatttekjur.....	12, 34	193.770	210.762	193.770	210.762
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		769.062	647.349	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna.....		0	0	0	122
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki.....	32	48.217	62.801	0	0
Aðrar skammtímakröfur.....		49.124	64.566	73.654	97.733
Handbært fé.....	13	470.517	456.412	481.441	470.014
Veltufjármunir		<u>1.530.690</u>	<u>1.441.890</u>	<u>752.817</u>	<u>783.799</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>5.676.702</u>	<u>5.545.321</u>	<u>5.270.317</u>	<u>5.301.626</u>
<b>Eignir utan efnahagsreiknings.....</b>	14				

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2011	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2011	Ársreikningur 2010
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur.....	35	3.987.773	3.809.404	3.421.630	3.289.735
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding.....	15, 36	803.503	752.319	866.543	804.010
		803.503	752.319	866.543	804.010
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir.....	16, 37	145.847	189.711	237.072	278.982
Leiguskuldir.....	17, 39	63.235	69.702	63.235	69.702
		209.082	259.413	300.307	348.684
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir.....		392.346	459.955	392.346	459.955
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		4.454	4.454	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	38	53.841	51.113	57.225	54.302
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	39	10.095	9.128	10.095	9.128
Fyrirframinnheimt framlög.....		0	0	0	125.000
Aðrar skammtímaskuldir.....		215.608	199.535	222.171	210.812
		676.344	724.185	681.837	859.197
Skuldir samtals án lífeyrisskuldbindingar		885.426	983.598	982.144	1.207.881
Skuldir samtals með lífeyrisskuldbindingu		1.688.929	1.735.917	1.848.687	2.011.891
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>5.676.702</b>	<b>5.545.321</b>	<b>5.270.317</b>	<b>5.301.626</b>
<b>Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags.....</b>	41-44				

# Sjóðstreymisýfirlit 2011

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2011	Áætlun 2011	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2011	Áætlun 2011	Ársreikningur 2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða.....	35	139.230	23.338	20.396	92.757	1.575	659
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir fastafjármuna.....	25,26	77.721	70.251	81.014	101.210	93.058	109.837
Söluþap (-hagnaður).....		( 2.103 )	0	0	( 2.103 )	0	0
Verðbætur og gengismunur.....		13.654	4.271	8.260	18.425	6.514	10.647
Verðbætur, eigin fyrirtæki.....		( 21.014 )	( 8.150 )	( 11.702 )	0	0	0
Tekjuskattsinneign, breyting.....		0	0	0	( 3.341 )	0	( 5.411 )
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	36	72.830	20.000	( 1.144 )	84.178	22.625	5.783
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		<u>280.318</u>	<u>109.710</u>	<u>96.823</u>	<u>291.126</u>	<u>123.772</u>	<u>121.515</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar skatttekjur, (hækkun) lækkun.....		16.992	( 21.851 )	( 18.245 )	16.992	( 21.851 )	11.160
Birgðir, (hækkun) lækkun.....		0	0	0	1.216	0	( 900 )
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....		15.442	27.250	( 7.131 )	24.081	27.250	( 38.527 )
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		16.073	( 5.090 )	( 70.165 )	11.360	( 5.090 )	( 40.815 )
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar.....	36	( 21.646 )	0	( 20.959 )	( 21.646 )	0	( 20.959 )
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>26.861</u>	<u>309</u>	<u>( 116.500 )</u>	<u>32.003</u>	<u>309</u>	<u>( 90.041 )</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>307.179</u>	<u>110.018</u>	<u>( 19.677 )</u>	<u>323.129</u>	<u>124.080</u>	<u>31.474</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	27	( 109.120 )	( 175.500 )	( 33.063 )	( 183.315 )	( 288.500 )	( 144.245 )
Seldir rekstrarfjármunir.....		2.430	0	0	2.430	0	0
Fjárfest í eignarhlutum, nettó.....		( 417 )	0	0	( 417 )	0	0
Afborganir langtímakrafna.....		0	0	8.213	123	0	9.538
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....		63.644	20.991	57.796	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 43.463 )</u>	<u>( 154.509 )</u>	<u>32.946</u>	<u>( 181.179 )</u>	<u>( 288.500 )</u>	<u>( 134.707 )</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Afborganir langtímalána og uppgreiðslur.....	37	( 51.123 )	( 51.726 )	( 52.209 )	( 53.746 )	( 54.828 )	( 54.713 )
Afborganir leiguskuldur.....	39	( 9.168 )	0	( 8.465 )	( 9.168 )	0	( 8.465 )
Eigin fyrirtæki, breyting.....		( 121.711 )	( 123.031 )	( 122.504 )	0	0	0
Skuldir við lánastofnanir.....		( 67.609 )	0	85.868	( 67.609 )	0	85.868
Fjármögnunarhreyfingar		<u>( 249.611 )</u>	<u>( 174.757 )</u>	<u>( 97.310 )</u>	<u>( 130.523 )</u>	<u>( 54.828 )</u>	<u>22.690</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>		<b>14.105</b>	<b>( 219.248 )</b>	<b>( 84.041 )</b>	<b>11.427</b>	<b>( 219.248 )</b>	<b>( 80.543 )</b>
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>456.412</u>	<u>456.412</u>	<u>540.453</u>	<u>470.014</u>	<u>470.014</u>	<u>550.557</u>
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		<b>470.517</b>	<b>237.164</b>	<b>456.412</b>	<b>481.441</b>	<b>250.766</b>	<b>470.014</b>

## Upplýsingar um sveitarfélagið

1. Seltjarnarnesbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 4.304 þann 1. desember 2011. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurströnd 2.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar árið 2011 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Áhaldahús. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hitaveita Seltjarnarness, Vatnsveita Seltjarnarness, Fráveita Seltjarnarness, Félagsheimili Seltjarnarness, Félagslegar íbúðir á Seltjarnarnesi, Lækningaminjasafn Íslands, Dvalar- og hjúkrunarheimili Seltjarnarness og Hrólfskálamelur ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en birtar eru viðbótarupplýsingar í skýringum í samræmi við ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga og auglýsingu ráðuneytisins.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## Reikningsskilaaðferðir

### Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna reiknast sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og færast til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi. Mismunur á seldum byggingarrétti og kostnaði við uppkaup lands vegna þeirra lóða sem til úthlutunar eru færast með sama hætti sem söluhagnaður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi. Álögð gatnagerðargjöld eru færð til lækkunar á kostnaði við nýframkvæmdir gatna.

### Færsla gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Verðlags- og gengisviðmið

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2011. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársbyrjun 2012. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings. Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

## Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

- Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	33 - 67 ár
Veitukerfi.....	25 - 50 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	3 - 14 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	15 ár
-----------------	-------

## Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

- Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

## Langtímakröfur

- Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.



## Tekjuskattsinneign

